

takmörkunum, sem settar eru í 3. gr., semja reikninga sjóðsins, og leggja þá árlega 68 fyrir sýslunefndina til úrskurðar. Reikningana skal stjórnin árlega birta á prenti. 31. maí

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal fyrst um sinn til ársins 2000 ávaxtaður í söfnunarsjóði Íslands, en þá getur sýslunefndin með samþykki amtráðsins í Vesturamtinu gjört aðra ráðstöfun um ávöxtun sjóðsins, ef þörf þykir.

7. gr.

Amtsráð Vesturamtsins skal hafa eptirlit með því, að skipulagsskrá sjóðsins sje ekki brotin.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um lögaldur.

Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi, dags. 30. októberm. f. á. sent hingað frumvarp til laga um lögaldur, sem samþykkt var á síðasta alþingi, og sem þar var borið upp af þingmanna hálfu, og hafið þjer jafnframt meðal annars látið í ljósi, að yður sje ókunnugt um, að nokkur óánægja sje manna á meðal með þær ákvarðanir um lögaldur, er nú gilda á Íslandi, og að ekki sje, að yðar álit, nein veruleg þörf á að breyta þeim. Lýsið þjer þeirri skoðun yðar, að eigi sje í sjálfu sjer neitt verulegt á móti því, að færa takmörkin fyrir lögaldri til fjárforráða niður til 21. árs, en aptur á móti teljið þjer mjög varhugavert að svipta menn allsendis öllu fjárforræði þangað til þeir eru orðnir fulls 21 árs að aldri, þar sem menn ná persónulegum myndugleika þegar með 18 ára aldri, og lögaldri til að ráða sig sem hjú jafnvel 16 ára gamlir. Slík lenging á ómyndugsaldrinum yrði að yðar álit að skodast sem apturför, er hafa mundi óheppilegar afleiðingar að ýmsu leyti, svo sem að því, að miklu optar þyrfti að taka bú til opinberrar skiptameðferðar, umsjón yfirfjárráðenda yrði yfirgrípsmeiri o. s. frv. Þjer hafið því látið í ljósi, að yður þyki ísjárvert að ráða til þess að lagafrumvarp þetta verði staðfest, enda virðist yður frumvarpið heldur ekki heppilega orðað.

Jeg hlýt að vera yður að öllu leyti samdóma að því er snertir mótbáru þessar gegn frumvarpinu, og þar við bætist ennfremur eitt, er jeg verð að leggja talsverða áherslu á, en það er sú ósamkvæmni er verða mundi milli íslenzkra laga og dansks rjettar í mjög þýðingarmiklu atriði, ef lög þessa efnis öðluðust gildi, og er enginn sá munur á ástandinu á Íslandi og í öðrum hlutum ríkisins, er rjettlætt geti slíka ósamkvæmni. Það er þegar vafasamt, hvort slík breytig sem sú, er fram á er farið, er heppileg í sjálfu sjer. En hvað sem því líður, verður stjórnin að telja það óráðlegt, að gjöra slíka breyting á Íslandi, að óbreyttum hinum gildandi lögum um þetta atriði í öðrum hlutum ríkisins. Jeg hef þess vegna allraþegnsamlegast lagt það til við hans hátign konunginn,

69 að synjað verði konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi því, er hjer er um að ræða, og er 31. maí sú tillaga samþykkt af konungi hinn 22. p. m.

Jeg læt ekki hjá líða, að tjá yður þetta þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

70 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja viðvíkjandi lögum um hunda- 31. maí skatt o. fl., 22. maí 1890. — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum hefur hans hátign konunginum hinn 22. p. m. allramildilegast þóknast að samþykkja frumvarp það til laga um hundaskatt og fleira, sem samþykkt var af síðasta alþingi.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal jeg, þar sem hreppaskilapíng að vori verða um garð gengin áður en lög þessi öðlast gildi, þjónustusamlega skora á yður þóknanlega að leiða athygli hlutaðeigandi yfirvalda að því, að þetta ár verði að nota þær skýrslur, sem gefnar hafa verið á hreppskilapíngum í vor samkvæmt tilsk. um hundahald á Íslandi 25. sept. 1869, (sbr. 1. og 3. gr. tilsk.), í staðinn fyrir framtal það, sem samkvæmt lögnum frá 22. p. m. á að framfara eptirleiðis á nefndum píngum ár hvert.

71 Brjef ráðgjans fyrir Ísland til landshöfðingja um breytingu á afborgu á 31. maí landsjóðsláni Lundarbrekkukirkju. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi dags. 16. nóv. f. á. sent mjer píngsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis 1889, um breytingu á afborgun á landsjóðsláni Lundarbrekku kirkju, þar sem skorað er á landsstjórnina að gefa tjeðri kirkju kost á að skuld sú, sem kirkjan er í við viðlagasjóðinn við árslok 1889, ávaxtist og endurborgist frá þeim tíma með 6% á ári í 28 ár, og hafið þjer jafnframt látið í ljósi, að hlutaðeigandi söfnuður hafi tekið við fjárhaldi kirkjunnar eptir að hún brann til kola árið 1878, er eigandinn sá sig eigi færan um að kosta endurbygging hennar af eigin rammleik, og hafi söfnuður þessi, sem því næst hafi látið endurreisa kirkjuna úr steini, sókt um, að skilmálanum fyrir láni því, er í nefndu skyni var veitt úr landssjóði 26. ág. 1879, að upphæð 2000 krónur, er endurborga átti og ávaxta með 6% á ári í 28 ár, verði breytt þannig, að eptirleiðis sje ekki greitt meira en 80—90 krónur á ári í rentur og afborgun, þar sem árstekjur kirkjunar að eins nemi 70—80 kr. og að söfnuðurinn þannig verði að leggja fram 40—50 kr. árlega. Ennfremur hafið þjer getið þess, að stiptsyfirvöldin hafi kröftugtlega mælt með þessari beiðni, og hafið þjer samkvæmt ályktun píngsins og með skírskotun til þess, að hlutaðeigandi fátæki söfnuður hefur lagt talsvert í sölurnar með því að taka að sjer fjárhald kirkjunnar, lagt það til, að Lundarbrekkukirkju verði gefinn kostur á því, að útgefið verði nýtt skuldabryef fyrir láninu, þegar það, sem við lok f. á. nam 1631 kr. 43 aur., verður komið niður í 1600 kr. og vextir eru greiddir, með þeim skilmálanum, að þessar eptirstöðvar lánsins greiðist og ávaxtist með 6% á ári í 28 ár.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg fellst á framangreinda tillögu yðar.